



FJÖLMÍÐLANEFND

30. apríl 2019
Álit nr. 5/2019

Umfjöllun um einkalíf einstaklings í frétt á vefmiðlinum Vísi [...] 2018.

I. Málsvik

1. Kvörtun

Fjölmiðlanefnd barst kvörtun frá NN (hér eftir nefndur „kvartandi“) með bréfi, dags. 7. desember 2018, vegna fréttar, sem birtist á vefmiðlinum Vísi [...] 2018, undir fyrirsögninni [...]. Í henni kemur fram að efni fréttarinnar varði umfjöllun um kvartanda og telji hann að með henni hafi Vísi brotið gegn 26. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla) um friðhelgi einkalífs og hlutlægni í fréttum og fréttatengdu efni. Í greininni hafi verið vitnað í ummæli um kvartanda, sem birst hafi í lokuðum hópi á Facebook, auk þess sem birtar hafi verið ítarlegar lýsingar á útliti hans, menntun, störfum og áhugamálum. Kunningjar og aðrir sem til þekki hafi strax áttað sig á því að lýsingin ætti við um hann. [...] Hafi hann og fjölskylda hans í kjölfarið orðið fyrir ónæði sem hann reki til umfjöllunarinnar. Óski hann eftir því að fyrrgreind umfjöllun og ummæli verði fjarlægð af vef Vísis.

2. Efnistöð fréttar

Fréttin [...], birtist á Vísi þann [...] kl. 15:15. Í fyrri hluta fréttarinnar er greint frá því að í Facebook-hópnum [...] sé farið ófögurum orðum um mann nokkurn. Sé hann þar nafngreindur, birtar af honum myndir og varað við honum. Fram kemur að hópurinn telji rúmlega þrjú þúsund meðlimi. Framarlega í fréttinni birtist texti sem inniheldur nákvæma persónulýsingu af manningnum. Í henni koma fram upplýsingar um háralit og menntun mannsins, upplýsingar um



FJÖLMÍÐLANEFND

Það á hvaða hljóðfæri hann leiki og listræn áhugamál hans af ýmsu tagi, auk þess sem fram kemur að hann kenni á tilteknu sviði og æfi og dæmi í tiltekinni íþrótt:

[...]¹

Í myndatexta við mynd sem fylgir fréttinni segir:

[...]

Í fréttinni er síðan vitnað í ummæli sem konur hafa látið falla um manninn í hópnum. Vitnað er í ummæli konu sem segir hann 100% siðblindan og ljúga meira en nokkur sem hún þekki. Greint er frá því að konan vari við honum, staðhæfi að hann hafi sofið hjá fjölda kvenna óvarið á meðan þau hafi átt í sambandi til eins árs og ráðleggi konum sem haft hafi náin kynni af honum að fara í „test“. Þá kemur fram að í hópnum sé á það bent að maðurinn eigi börn sem „megi alls ekki heyra af þessu“.

Fram kemur í frétt Vísis að fjölmargar konur kannist við „kauða“ og sé hann ekki einungis til umfjöllunar í fyrrgreindum Facebook-hóp, heldur einnig í Facebook-hópnum [...]. Þar sé hann þó reyndar ekki nafngreindur.

Í seinni hluta fréttar Vísis er rætt við ónefndan lögmann, sem lýsir þeirri skoðun að ummæli kvennanna á Facebook kunni að heyra undir „persónuverndarákvæði stjórnarskrár og þar með hegningarlög“. Fjallað er um að áðurnefnd persónulýsing mannsins á samfélagsmiðlum teljist opinber ummæli en um það er vísað til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu (hér eftir MDE) í máli Egils Einarssonar gegn Íslandi, frá 7. nóvember 2017, þótt óljóst sé hvort lögmaðurinn eða blaðamaðurinn vísi til dómsins í því samhengi:

[...]

Jafnframt er í fréttinni birt mynd af Maríu Rún Bjarnadóttur, doktorsnema í lögfræði, og vísað til greinar hennar í Úlfjótí, tímariti laganema við Háskóla Íslands, þar sem fjallað var um áðurnefndan dóm MDE.²

Loks er í fréttinni vísað til dómsmáls frá tíunda áratugnum, þar sem Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi blaðamenn og fyrrum ritstjóra á Pressunni til að greiða einstaklingi bætur vegna umfjöllunar sem birt var í Pressunni árið 1994 undir fyrirsögninni *Frægasti flagari landsins*. Í

¹ Persónugreinanlegar upplýsingar hafa verið felldar á brott.

² María Rún Bjarnadóttir var skipuð varaformaður fjölmiðlanefndar í mars 2019, samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands.



FJÖLMIÐLANEFND

Frétt Vísis segir að málið hafi komið upp áður en fjölmiðlar hafi glatað hliðvörsluhlutverki sínu í þeim skilningi að það sé ekki lengur þeirra að ákvarða hvað heyri til opinberrar birtingar. Niðurstaða héraðsdóms hafi verið sú, samkvæmt umfjöllun Morgunblaðsins um dóminn, að greinin hafi falið í sér grófar og ærumeiðandi aðdróttanir í garð viðkomandi einstaklings og þar hafi verið vegið að persónu hans, siðferði og fjárhagsstöðu, án þess að honum gæfist kostur á að koma að athugasemdum áður en greinin birtist.

Frétt Vísis var deilt á Facebook-síðu Vísis [...] með stöðufærslu þar sem hin nákvæma persónulýsing í fréttinni var endurbirt í heild sinni en engar aðrar upplýsingar um efni fréttarinnar komu fram í stöðufærslunni:

[...]

Með henni fylgdi hlekkur á fréttina, með fyrirsögninni [...], auk þess sem með fréttinni fylgdi undirfyrirsögnin [...].

II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

1.

Fjölmiðlanefnd óskaði eftir upplýsingum og sjónarmiðum Sýnar hf. (hér eftir Sýn) vegna framangreindrar kvörtunar, með bréfi dags. 11. desember 2018. Með bréfi dags. 17. desember 2018 bárust svör Sýnar. Var þar í fyrsta lagi vísað til þeirra sjónarmiða sem að baki 26. gr. laga um fjölmiðla búa og til þess að ákvæðið væri að nokkru leyti reist á yfirlýsingu Evrópuráðsins um fjölræði í fjölmiðlum og fjölbreytni í fjölmiðlaefni.

Í öðru lagi var vísað til ummæla í dómi MDE í máli Delfi gegn Eistlandi, nr. 64569/09 frá 16. júní 2015, þess efnis að stafræn dreifing tjáningar á netinu geti haft enn alvarlegri áhrif en birting í fjölmiðlum, svo og til þess að kvartandi hafi verið nafngreindur í fyrrnefndum Facebook-hópi sem telji um 3500 manns. Miðað við dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Egils Einarssonar gegn Íslandi, sem varðað hafi ummæli á samfélagsmiðlinum Instagram, telji Sýn að það ætti að vera ágreiningslaust að nafn mannsins hafi verið komið í opinbera birtingu í mjög fjölmönnum Facebook-hóp áður en umfjöllun um Facebook-umræðurnar birtust á Vísi. Sé kvörtuninni að mati Sýnar beint að röngum aðilum að þessu leyti og séu það forsvarsmenn Facebook-hópsins sem séu ábyrgir fyrir nafngreiningu mannsins og þeim ávirðingum sem þar hafi verið settar fram. Telji Sýn að Vísir hefði með réttu getað nafngreint manninn, enda hafi skaðinn þegar verið skeður frá sjónarhóli hans.



FJÖLMÍÐLANEFND

Í þriðja lagi var vísað til #metoo hreyfingarinnar sem sett hafi mikinn svip á alla almenna umræðu á Íslandi og víða um heim. Lykilatriði í þeirri umræðu hafi verið Facebook færslur í stórum hópum um meinta gerendur ofbeldis eða áreitiss gagnvart konum en slíkar færslur teljist til opinberrar birtingar, eins og fram komi í fréttinni. Frétt Vísis frá [...] hafi verið ágætt dæmi um frétttaflutning þar sem fjölmiðlaveita ræki lýðræðishlutverk sitt og fjalli um mikilvægt mál sem eigi erindi til almennings.

Í fjórða lagi kom fram að Sýn telji fréttina að fullu í samræmi við fyrirmæli 26. gr. laga um fjölmiðla um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni, enda hafi sérstaklega verið að því gætt að mismunandi sjónarmið kæmu fram, sbr. tilvísun til dómafordæma um hvað teljist til opinberrar birtingar á samfélagsmiðlum. Í frétt Vísis hafi ekki verið lagt mat á ummæli þau sem féllu um manninn í Facebook-umræðunum, heldur hafi þar einungis verið að finna frásögn af broti þeirra ummæla sem þar hafi fallið. Telji Sýn að með því hafi verið gætt að reglum um meðalhóf sem og hlutlægnikröfum 26. gr. laga um fjölmiðla.

Loks kom fram í svörum Sýnar að ekki sé unnt að fallast á kröfu kvartanda um að umfjöllunin eða ummælin verði fjarlægð af vefsíðunni Vísi. Að mati Sýnar myndi slík ritskoðun allt að einu engu breyta um hin birtu ummæli og nafngreiningu, sem enn væri að finna í færslum á margnefndum Facebook hópi.

2.

Fjölmiðlanefnd fjallaði um svör Sýnar og frekari sjónarmið kvartanda á fundi sínum 11. janúar 2019. Samþykkt var á fundinum að taka málið til efnislegrar meðferðar með vísan til a-liðar 3. mgr. 4. gr. starfsreglna nefndarinnar nr. 1363/2011, þar sem meint brot virtist alvarlegt og að kvartandi hefði ríka hagsmuni af meðferð máls. Var jafnframt samþykkt að veita kvartanda tækifæri til andmæla vegna sjónarmiða Sýnar.

Með bréfi dags. 16. janúar 2019 var kvartanda boðið að koma andsvörum á framfæri við framkomnar skýringar Sýnar hf. Í svarbréfi kvartanda dags. 29. janúar 2019 ítrekar hann fyrri sjónarmið og bendir á að fyrir birtingu umræddrar greinar á Vísi hafi áreiti gagnvart honum, fjölskyldu hans og vinum verið lítið, þrátt fyrir að persónulegar upplýsingar um hann hafi birst í tveimur lokuðum Facebook-hópum sem telji annars vegar 3500 notendur [...] og hins vegar 16.000 notendur [...]. Eftir birtingu greinarinnar á Vísi hafi átt sér stað „sprenging og veruleg aukning á fólki“ sem haft hafi samband við kvartanda, fyrirverandi eiginkonu hans, börn hans og ættingja. Telji hann að auðvelt hafi verið að bera kennsl á hann á grundvelli þeirra nákvæmu upplýsinga sem birst hafi um hann á Vísi.



FJÖLMÍÐLANEFND

Í andsvari kvartanda er áréttað að honum hafi aldrei verið veittur andmælaréttur vegna umræddrar fréttar og hafi aldrei fengið tækifæri til að koma réttum upplýsingum á framfæri. Meðal annars hafi verið látið að því liggja að hann væri með smitsjúkdóma, sem væri rangt. Þá hafi því verið haldið fram í ummælakerfum tengdum greininni á netinu að kvartandi væri margtrúlofaður og nauðgari. Allt sé þetta rakalaus þvættingur og smekklasar umræður sem börn hans, vinir og ættingjar þurfi nú að berja augum. Ítrekar kvartandi óskir sínar um að fréttin verði fjarlægð af Vísi og af Facebook-síðu Vísis.

3.

Með bréfi fjölmiðlanefndar til Sýnar dags. 8. febrúar tilkynnti nefndin að ákveðið hefði verið að taka kvörtun kvartanda til efnislegrar meðferðar. Fram kom að samkvæmt frummati nefndarinnar teldi hún að brotið hafi verið gegn rétti kvartanda til friðhelgi einkalífs, með umfjöllun í fréttinni [...] sem birt hafi verið á Vísi [...], og hafi Sýn þar með brotið gegn 26. gr. laga um fjölmiðla. Fram kom að nefndin teldi koma til greina að gefa út álit í málinu á grundvelli 3. mgr. 11. gr. laga um fjölmiðla.

Þá var Sýn veitt færi á að koma að frekari sjónarmiðum sem kynnu að skipta máli við mat á því hvort brotið hafi verið gegn 26. gr. laga um fjölmiðla. Bent var á að niðurstaða bréfsins fæli einungis í sér frummat fjölmiðlanefndar en ekki endanlega afstöðu nefndarinnar til þess hvort Sýn hefði brotið gegn fyrrnefndu ákvæði. Þær ályktanir sem settar væru fram kynnu að breytast gæfu athugasemdir og skýringar Sýnar tilefni til þess. Var þess óskað að svör Sýnar bærust nefndinni eigi síðar en 22. febrúar 2019.

Með tölvupósti 20. febrúar óskaði yfirlögfræðingur Sýnar eftir fresti til svara til 15. mars 2019 og var umbeðinn frestur veittur. Svör Sýnar við frummati fjölmiðlanefndar bárust svo með bréfi dags 8. mars 2019.

4. Frávísunarkrafa Sýnar

Í svörum Sýnar dags. 8. mars kom fram að Sýn teldi gæta misskilnings í umfjöllun fjölmiðlanefndar. Hafi fréttin í grunninn ekki snúið að umfjöllun um kvartanda og þannig vegið að friðhelgi einkalífs hans, heldur fjalli hún þvert á móti um að tjáning á samfélagsmiðlum sé opinber birting í skilningi laga. Í fréttinni sé fjallað ítarlega um þetta atriði, vísað til dómafordæma Mannréttindadómstóla Evrópu sem og til fræðigreinar lögfræðings og doktorsnema um þessi efni. Það sé ekki síst þetta atriði sem eigi „erindi við almenning“, þ.e.



FJÖLMIÐLANEFND

að almenningur geri sér grein fyrir ábyrgð sinni þegar hann fjalli um nafngreinda menn í lokuðum en fjölmönnum Facebook-hópum.

Í bréfi Sýnar var jafnframt fjallað um inntak 26. gr. laga um fjölmiðla, með vísan í skýringar í annars vegar frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla árið 2011 og hins vegar í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjölmiðla nr. 54/2013, þegar gerðar voru breytingar á 26. gr. Vísað var til nefndarálits meirihluta menntamálanefndar frá 2011, sem fram kom við aðra umræðu um frumvarp til laga um fjölmiðla, þess efnis að 26. gr. feli í sér stefnuyfirlýsingu um grundvallarreglur og að ákvæðinu sé ætlað að standa öðrum ákvæðum laganna og annarra laga er varði mannréttindi af þessu tagi til nauðsynlegrar fyllingar.

Þá vísaði Sýn í umfjöllun í ritinu Fjölmiðlaréttur eftir Eirík Jónsson og Halldóru Þorsteinsdóttur, þar sem segir að þegar reyni á skyldu fjölmiðla til að virða friðhelgi einkalífsins þurfi að fara fram ákveðið hagsmunamat með svipuðum hætti og endranær þegar reyni á mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs. Ef hagsmunir af því að upplýsa almenning um tiltekið málefni vegi þyngra en réttur einstaklings til friðhelgis einkalífs sé þannig rétt að láta almannahagsmuni ganga framur og upplýsa um málefnið, jafnvel þótt um sé að ræða viðkvæm málefni viðkomandi einstaklings.

Í svörum Sýnar segir að Persónuvernd og fjölmiðlanefnd hafi ólíka afstöðu til mála þegar reyni á mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs og vísi Persónuvernd slíkum málum einfaldlega frá með þeim rökum að úrlausnarefnið heyrir undir dómstóla. Um það vísar Sýn til máls Persónuverndar nr. 2017/1068, sem fjallaði um birtingu persónuupplýsinga úr álagningarskrá í tekjublaði Frjálsar verslunar. Í niðurstöðunni vísaði Persónuvernd til ákvæðis í þágildandi persónuverndarlögum þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga sem eingöngu fer fram í þágu fréttamennsku falli utan ramma flestra ákvæða persónuverndarlaganna. Fram kemur að Sýn telji að hið sama eigi að gilda um túlkun fjölmiðlanefndar á 26. gr. laga um fjölmiðla.

Bent er á að Sýn telji engu breyta þótt nefndin hyggist gefa út álit en ekki ákvörðun, þar sem álit af þeim toga sem nefndin áformi geti bakað fjölmiðlaveitu ábyrgð að lögum, til að mynda ef það verði notað til að undirbyggja málshöfðun.

Með vísan til framangreinds krafðist Sýn frávísunar málsins. Um leið kom fram frekari rökstuðningur af hálfu Sýnar ef ekki yrði fallist á kröfu um frávísun.



FJÖLMIDLANEFND

5. Sjónarmið Sýnar vegna ætlaðs brots gegn 26. gr.

Í rökstuðningi sínum varðandi ætlað brot Sýnar gegn 26. gr. byggði Sýn í fyrsta lagi á því að alla takmörkun á tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrár beri að skýra þröngt og vísaði um það sjónarmið til fjölmargra dóma Hæstaréttar, svo og úrlausna fjölmiðlanefndar.

Í öðru lagi á því að frétt Vísis [...] hafi varðað almannahagsmuni; að almenningur geri sér grein fyrir ábyrgð sinni þegar hann fjallar um nafngreinda menn á lokuðum en fjölmönnum Facebook-síðum.

Í þriðja lagi á því að frétt Vísis hafi falið í sér útbreiðslu ummæla sem stöfuðu frá öðrum og viðkomandi blaðamaður hafi verið í góðri trú og auðsýnt tilhlýðilega aðgát. Mannréttindadómstóll Evrópu hafi margoft slegið því föstu að fjölmiðlamönnum sé að jafnaði heimilt að breiða út ummæli sem aðrir hafi viðhaft, séu þeir í góðri trú, eigi ummælin erindi til almennings og séu þau sett fram með óhlutdrægum hætti.

Fram kemur að Sýn telji að eftir standi óhaggað það tilefni umfjöllunar frumbirtingarinnar á Facebook, sem felist í ótilhlýðilegu háttarni kvartanda, og sé fyrri háttsemi viðkomandi einn þeirra mælikvarða sem MDE leggi til grundvallar þegar reyni á mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs. Með því að nafngreina ekki manninn hafi honum verið sýnd tilhlýðileg aðgát.

Í fjórða lagi byggir Sýn á því að „skaðinn“ hafi þegar verið skeður með útbreiðslu frumummælanna á Facebook. Almenn dreifing fréttarinnar hafi ekki verið meiri en dreifing þeirra ummæla sem birtust á fyrrgreindum Facebook-hópum. Um það vísar Sýn m.a. til Topplista Gallup í 46. viku ársins 2018, þar sem fram kemur að fréttin hafi verið lesin 31 þúsund sinnum af 29 þúsund notendum. Hins vegar hafi samtals 19.500 manns haft aðgang að enn ítarlegri lýsingum í umræddum Facebook-hópum og í öðrum hópnum í það minnsta aðgang að nafngreiningu á kvartanda. Til samanburðar vísar Sýn til þess að samkvæmt Hagstofu Íslands hafi [...] íbúar búið á [...], þann 15. apríl 2018, þar af [...] á [...] en fram kemur að Sýn telji að kvartandi búi á [...].

Áréttað var af hálfu Sýnar að inntak fréttarinnar á Vísi hafi beinlínis verið það að tjáning á samfélagsmiðlum teljist opinber birting í skilningi laga. Fjallað hafi verið ítarlega um þetta atriði, vísað til dómafordæma og til álits lögfræðings og doktorsnema sem birt hafi fræðigrein um þessi efni. Hafi því að mati Sýnar verið farið að reglum um hlutlægni og nákvæmni.



FJÖLMIÐLANEFND

Þá sé ekki tekin afstaða til sannleiksgildis ávirðinga í fréttinni, heldur þvert á móti notað orðalagið að maðurinn sé „sagður“ flagari o.s.frv. Heimildin sem byggt hafi verið á séu fjölmargar frásagnir inni á Facebook-hópum sem telji 19.500 meðlimi.

Loks kemur fram í bréfi Sýnar að félagið telji það varhugaverða þróun að „fjölmiðlanefnd sé í auknum mæli að nýta sér lagaheimild 3. mgr. 11. gr. laga um fjölmiðla til að gefa út álit vegna ætlaðra brota á 26. gr.“. Þegar athugasemdir með frumvarpi sem varð að lögum nr. 54/2013 og nefndarálit meirihluta menntamálanefndar frá 2011 séu lesnar heildstætt og í samhengi megi ráða að vilji löggjafans hafi verið eftirfarandi: Í fyrsta lagi að einungis eigi að gefa út álit í málum þar sem augljóslega sé farið gegn ákvæðum laganna en engin viðurlög séu fyrir hendi. Í öðru lagi að túlka beri 26. gr. sem stefnuyfirlýsingu um grundvallarreglur í fjölmiðlun en ekki sé með því ætlunin að setja tjáningarfrelsi íslenskra fjölmiðla auknar skorður. Telji Sýn einsýnt að vilji löggjafans hafi ekki staðið til þess að fjölmiðlanefnd framkvæmdi mat á mörkum friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsis, og setti þannig tjáningarfrelsi fjölmiðla auknar skorður, heldur eigi slíkt mat heima hjá dómstólum.

6.

Með tölvupósti dags. 2. maí 2019 var kvartanda boðið að koma frekari andsvörum á framfæri við framkomnar skýringar Sýnar hf. Svarbréf kvartanda barst fjölmiðlanefnd 3. maí 2019. Í svarbréfinu eru fyrri sjónarmið ítrekuð, auk þess sem kvartandi bendir á að tölfræðilegar getgátur út frá meintri búsetu kvartanda á [...] séu úr lausu lofti gripnar, þar sem kvartandi búi í [...] en aldraður alnafni kvartanda á [...].

Ítrekar kvartandi að fréttin hafi haft alvarlegar afleiðingar á kvartanda og hafi enn, meðal annars vegna þess að nöfn umræddra Facebook-hópa hafi birst í fréttinni. Hafi lesendum þannig verið leiðbeint um það af hálfu Vísis hvar finna mætti fleiri ummæli í sama dúr, ásamt fullu nafni kvartanda og myndum af honum. Telji kvartandi að notendum í umræddum Facebook-hópum hafi fjölgað umtalsvert eftir birtingu fréttarinnar á Vísi.

III. Frávísunarkrafa Sýnar

Sýn hefur krafist frávísunar málsins, með vísan til eðlis og inntaks 26. gr. og valdheimilda fjölmiðlanefndar annars vegar og með vísan til ólíkrar afgreiðslu Persónuverndar og fjölmiðlanefndar á málum er varða tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs hins vegar.



FJÖLMIÐLANEFND

Markmið 26. gr. og hlutverk fjölmiðlanefndar

Ákvæði 26. gr. um lýðræðislegar grundvallarreglur og hlutlægni í fréttum og fréttatengdu efni gengur fyrst og fremst út á að vernda upplýsingarétt almennings og réttindi einstaklinga sem fjallað er um í fjölmiðlum.

Í ákvæðinu segir að fjölmiðlaveita skuli í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skuli virða mannréttindi og jafnrétti og einnig friðhelgi einkalífs nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Fjölmiðlaveita skuli gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna.

Þegar lög um fjölmiðla voru sett árið 2011 hafði fjölmiðlanefnd ekki heimild til að birta álit vegna kvartana á grundvelli 26. gr. Með lagabreytingu árið 2013 var slík heimild sérstaklega færð í lög. Aðdragandi þess var sá að nokkuð hafði borist af ábendingum og kvörtunum vegna meintra brota á 26. gr. til fjölmiðlanefndar á árinu 2012, meðal annars í tengslum við skyldur fjölmiðla til að gæta jafnræðis og hlutlægni í aðdraganda forsetakosninganna 2012. Árið 2013 var ákvæðinu breytt þannig að fjölmiðlanefnd yrði heimilt að birta álit vegna brota á ákvæðinu. Heimild 3. mgr. 11. gr. laga um fjölmiðla til birtingar álits var því lögfest sérstaklega í þeim tilgangi að markmið 26. gr. næðu betur fram að ganga. Í skýringum við ákvæði 3. mgr. 11. gr. í frumvarpi til laga nr. 54/2013 kemur fram að slík tilvik geti komið upp að fjölmiðlanefnd telji ástæðu til að fjalla um málefni er varða fjölmiðla og/eða fjölmiðlaveitur til þess að stuðla að því að markmið og tilgangur laganna nái fram að ganga. Í slíku álitu geti falist leiðbeinandi tilmæli um þætti sem betur mættu fara í starfsemi fjölmiðilsins og/eða í þeim tilvikum þar sem augljóslega er farið gegn ákvæðum laganna en engin viðurlög eru fyrir hendi.

Af svörum Sýnar má ráða að félagið telji að nefndinni beri almennt að vísa frá öllum kvörtunum sem henni berist vegna meintra brota fjölmiðla á 26. gr. laga um fjölmiðla, með vísan í nefndarálit frá árinu 2011, jafnvel þótt lögunum hafi verið breytt árið 2013 í þeim tilgangi að 26. gr. næði betur markmiði sínu. Fjölmiðlanefnd getur ekki fallist á þau rök Sýnar að fyrrgreint nefndarálit frá 2011 hafi þýðingu við túlkun 26. gr. eftir að heimild til birtingar álits var lögfest árið 2013.

Stjórnvöld hafa ekki val um það hvort þau framfylgja tilteknum ákvæðum laga, heldur ber þeim að taka kvartanir sem þeim berast til skoðunar og, eftir atvikum, til efnislegrar meðferðar. Við mat á því hvort til greina komi að birta álit á grundvelli 26. gr. ber að hafa hliðsjón af 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (hér eftir stjkskr.) um friðhelgi einkalífs og 73. gr. stjkskr. um tjáningarfrelsi og hefur fjölmiðlanefnd beitt heimild til útgáfu álita á grundvelli



FJÖLMIÐLANEFND

26. gr. af varkárni. Við mat á því hvort erindi gefi nægar ástæður til efnislegrar meðferðar hjá fjölmiðlanefnd geta eftirfarandi atriði skipt máli, sbr. 3. mgr. 4. gr. starfsreglna nefndarinnar nr. 1363/2011:

- a. að meint brot virðist alvarlegt
- b. að fjölmiðlaveita sem kvartað er yfir hafi ekki látið af þeirri hegðun sinni sem var tilefni kvörtunar
- c. að meðferð málsins fari saman við þá forgangsröðun sem nefndin hefur ákveðið.

Í álitum umboðsmanns Alþingis nr. 9937/2018 kemur fram að sjálfstæðar kæru- og úrskurðarnefndir geti ekki látið hjá líða að afgreiða mál þótt málsaðilar byggji á þeim rökstuðningi að lög fari í bága við stjórnarskrá. Þvert á móti sé það hlutverk stjórnvalda að framkvæma lög Alþingis í samræmi við þau fyrirmæli sem í lögnum felist, líkt og leiða megi af lögmatísreglunni. Þá bendir umboðsmaður á það í álitum sínum að sjálfstæðar kæru- og úrskurðarnefndir hafi ekki önnur úrræði til að ljúka kærumálum sem beint er til þeirra nema að úrskurða í þeim.

Að mati fjölmiðlanefndar eiga þau sjónarmið sem fram koma í álitum umboðsmanns Alþingis jafnt við um úrskurði sjálfstæðra kæru- og úrskurðarnefnda, sem úrskurða í kærumálum sem til þeirra er beint, og ákvarðanir sjálfstæðra stjórnarsýslunefnda, á borð við fjölmiðlanefnd, sem eru fullnaðarúrlausnir innan stjórnarsýslunnar og sæta ekki stjórnarsýslukæru.

Þess skal jafnframt getið að umboðsmaður Alþingis hefur fram til þessa tekið til athugunar tvær kvartanir vegna stjórnarsýslu fjölmiðlanefndar. Í báðum tilvikum voru það kvartanir einstaklinga yfir því að fjölmiðlanefnd hefði ekki tekið til efnislegrar meðferðar kvartanir vegna meintra brota á 26. gr. Báðum málum lyktaði með bréfi umboðsmanns þar sem fram kom að hann teldi sig ekki hafa forsendur til að gera athugasemdir við þá niðurstöðu nefndarinnar að vísa frá kvörtunum einstaklinga á grundvelli 26. gr. Um leið beindi umboðsmaður því til nefndarinnar að greina frá því með skýrum hætti í bréfi til kvartanda á hverju sú niðurstaða væri reist hverju sinni, með vísan til þeirra laga og reglna sem gilda um nefndina.

Ólík afgreiðsla Persónuverndar og fjölmiðlanefndar á málum er varða tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs í fjölmiðlum

Sýn byggir jafnframt á því að fjölmiðlanefnd beri að vísa frá málum sem reyni á mörk 71. gr. og 73. gr. stjkskr., þar sem slíkt mat heyri undir dómstóla en ekki stjórnvöld. Um það vísar Sýn til máls Persónuverndar nr. 2017/1068, sem fjallaði um birtingu persónuupplýsinga úr álagningarskrá í tekjublaði Frjálsar verslunar. Virðist Sýn telja að Persónuvernd hafi vísað því



FJÖLMIÐLANEFND

máli frá með þeim rökum að mat á mörkum friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsis heyri eingöngu undir dómstóla.

Þær lagaforsendur, sem niðurstaða Persónuverndar í máli nr. 2017/1068 byggðist á, varða ætluð brot á persónuverndarlögum og eiga ekki við um þau málsatvik sem hér eru til umfjöllunar. Persónuvernd hefur eftirlit með persónuverndarlögum og starfar samkvæmt gildissviði þeirra laga. Samkvæmt niðurstöðu Persónuverndar var máli nr. 2017/1068 vísað frá með vísan til ákvæðis 5. gr. í þágildandi persónuverndarlögum nr. 77/2000 þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga sem eingöngu fer fram í þágu fréttamennsku falli utan ramma flestra ákvæða persónuverndarlaganna en samsvarandi ákvæði er að finna í 6. gr. núgildandi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (hér eftir persónuverndarlög). Byggt var á sömu sjónarmiðum við frávísun máls nr. 2018/1530 um myndbirtingu í fréttaumfjöllun tveggja fjölmiðla en Persónuvernd taldi myndbirtinguna falla utan gildissviðs persónuverndarlaga og valdssviðs stofnunarinnar, þar sem hún hefði eingöngu verið í þágu fréttamennsku.

Ekkert ákvæði í lögum um fjölmiðla undanskilur vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í þágu fréttamennsku. Þvert á móti eru efnislegt gildissvið 26. gr., hvað kröfur um hlutlægni og nákvæmni varðar, afmarkað við fréttir og fréttatengt efni sérstaklega. Skyldur fjölmiðla til að virða friðhelgi einkalífs, samkvæmt 26. gr., eru ekki afmarkaðar við fréttir og fréttatengt efni eingöngu, heldur eiga þær við um allt efni fjölmiðla. Með vísan til gildissviðs laga um fjölmiðla skv. 3. gr. laganna og efnislegs gildissviðs 26. gr. má ljóst vera að fjölmiðlanefnd ber ekki sjálfkrafa að vísa frá málum er varða vinnslu persónuupplýsinga í þágu fréttamennsku, með sama hætti og Persónuvernd gerir á grundvelli undantekningar frá gildissviði persónuverndarlaga. Vinnsla persónuupplýsinga sem fram fer í þágu fjölmiðlunar, fellur með beinum hætti undir lög um fjölmiðla skv. 3. gr. og þar með valdsvið fjölmiðlanefndar skv. 10. gr. laganna.

Um heimildir fjölmiðlanefndar til að fjalla um mál þar sem reynir á réttindi sem varin eru í stjórnarskrá, vísar nefndin að auki til fyrrgreinds álits umboðsmanns Alþingis nr. 9937/2018.

Með vísan til alls framangreinds er frávísunarkröfu Sýnar hafnað.



FJÖLMÍÐLANEFND

IV. Álit fjölmiðlanefndar

1. Lagarök og aðferðafræði

Samkvæmt 26. gr. laga um fjölmiðla skal fjölmiðlaveita í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skal virða mannréttindi og jafnrétti og einnig friðhelgi einkalífs nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Fjölmiðlaveita skal gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna.

Engin viðurlög eru við brotum á ákvæði 26. gr. en fjölmiðlanefnd hefur heimild til að ljúka málum vegna brota á lögnum með birtingu álit skv. 3. mgr. 11. gr. laganna. Álit fjölmiðlanefndar er leiðbeinandi en ekki bindandi. Þannig veitir nefndin álit sitt á því hvort að tiltekið afmarkað fjölmiðlaefni fari í bága við 26. gr. laga um fjölmiðla í þeim málum sem talin eru gefa ástæðu til meðferðar með vísan til starfsreglna nefndarinnar. Ákvæði 26. gr. felur ekki í sér heimild nefndarinnar til að mæla fyrir um að tiltekið afmarkað fjölmiðlaefni, sem talið er fara í bága við 26. gr., skuli fjarlægð af vef fjölmiðils sem miðlar efni sínu á netinu.

Af tilvísun 26. gr. til friðhelgi einkalífs og athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla er ljóst að bein tengsl eru á milli 26. gr. laga um fjölmiðla og 71. gr. stjkskr. Við mat á því hvort brotið hafi verið gegn 26. gr. lítur fjölmiðlanefnd því til þess hagsmunamats á milli friðhelgi einkalífs og tjáningafrelsis sem fram hefur farið í málum er varða mörk þessara tveggja grundvallarmannréttinda fyrir dómstólum og hjá norrænum fjölmiðlaeftirlitsstofnunum, sem birt hafa ákvarðanir er varða friðhelgi einkalífs í fjölmiðlum.

Fjölmiðlanefnd tekur m.a. mið af sömu aðferðafræði og byggt er á við meðferð mála er varða friðhelgi einkalífs hjá sænsku fjölmiðlaeftirlitsstofnuninni, Myndigheten för press, radio och tv.³

Í fyrsta lagi er litið til þess hvort þær upplýsingar sem birtar voru hafi verið persónugreinanlegar, þ.e. hvort þær hafi verið þess eðlis að unnt hafi verið að bera kennsl á þann einstakling sem fjallað var um.

³ Sænska fjölmiðlaeftirlitsstofnunin Myndigheten för press, radio och tv hefur eftirlit með því að gætt sé að friðhelgi einkalífs og nákvæmni í öllum leyfisskyldum miðlum og að gætt sé að hlutlægni í almannapjónustumiðlunum Sveriges television (SVT), Sveriges Radio (SR) og Utbildningsradion (UR).



FJÖLMIÐLANEFND

Teljist upplýsingarnar persónugreinanlegar lítur nefndin í öðru lagi til þess hvort með birtingu þeirra hafi verið brotið gegn friðhelgi einkalífs viðkomandi einstaklings.

Teljist fjölmiðill hafa brotið gegn rétti viðkomandi einstaklings til friðhelgi einkalífs með birtingu slíkra upplýsinga er í þriðja lagi til þess litið hvort almannahagsmunir hafi verið af umfjölluninni, þ.e. hvort upplýsingaréttur almennings réttlæti umfjöllunina og vegi þar með þyngra en friðhelgi einkalífs þess einstaklings sem fjallað var um.

2. Voru upplýsingar um kvartanda persónugreinanlegar?

Við meðferð málsins og mat á því hvort þær upplýsingar, sem fram komu um kvartanda í grein Vísis [...], hafi verið persónugreinanlegar tekur fjölmiðlanefnd m.a. mið af úrlausnum Persónuverndar í málum er varða friðhelgi einkalífs og meðferð persónuupplýsinga.

Í úrlausn Persónuverndar í máli nr. 2018/1530 kemur fram að einstaklingur teljist persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, s.s. með tilvísun í auðkenni, eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem auðkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti, sbr. 2. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018. Í úrlausn Persónuverndar segir jafnframt:

Einstaklingar geta verið auðkenndir á grundvelli breytna sem samanlagðar gefa til kynna hver á í hlut þó svo að engin ein þeirra nægi til þess, ein og sér. Fela þær breytur þá í sér persónuupplýsingar samkvæmt lögum nr. 90/2018, án tillits til þeirra aðferða sem edlilegt er að hugsa sér að notaðar séu til þess að bera kennsl á hlutaðeigandi einstakling. Einnig verða upplýsingar að teljast persónugreinanlegar ef þeir sem þekkja til hlutaðeigandi geta borið kennsl á hann á grundvelli upplýsinganna, þótt það sé eftir atvikum ekki á allra færi.

Þá hefur fjölmiðlanefnd litið til úrlausna sambærilegra mála hjá sænsku fjölmiðlaeftirlitsstofnuninni, sem hefur með höndum eftirlit með því að gætt sé að friðhelgi einkalífs og nákvæmni í öllum leyfisskyldum miðlum í Svíþjóð. Ritið *Granskat & klart, respekt för privatlivet*, sem út kom á vegum *Myndigheten för press, radio och tv* í janúar 2013, hefur að geyma samantekt mála er varða friðhelgi einkalífs og tekin voru til meðferðar hjá stofnuninni á tímabilinu 1994-2009. Í ritinu er m.a. farið yfir þau sjónarmið sem lögð voru til grundvallar við mat á því hvort upplýsingar teldust persónugreinanlegar. Fram kemur að stofnunin telji ekki nauðsynlegt að nafn eða mynd af einstaklingi hafi birst í fjölmiðli til að



FJÖLMIÐLANEFND

umfjöllun um hann geti talist persónugreinanleg. Að mati sænsku fjölmiðlaeftirlitsstofnunarinnar taldist fjölmiðlaumfjöllun m.a. persónugreinanleg ef fram komu: Upplýsingar um klæðaburð og búsetu (mál nr. 921/08, bls. 12), upplýsingar um kyn, starf, vinnustað og búsetu (mál nr. 674/08, bls. 63), upplýsingar um vinnustað og að viðkomandi væri meðlimur í tiltekinni hljómsveit (mál nr. 498/08, bls. 40), myndir af götu í íbúðarhverfi og hluta af framhlið heimilis (mál nr. 934/05, bls. 50), upplýsingar um aldur, búsetu og vinnustað (mál nr. 430/98, bls. 51) eða upplýsingar um starfsheiti (mál nr. 192/97, bls. 42).

Svo sem að framan greinir var kvartandi ekki nafngreindur í frétt Vísis, þótt hann hafi verið nafngreindur í fjölmönnum Facebook-hópi. Í persónulýsingu sem birt var í fréttinni komu hins vegar fram óvenju nákvæmar upplýsingar um útlit hans, menntun, áhugamál og störf, þ. á m. um háralit hans, á hvaða hljóðfæri hann spili og önnur helstu áhugamál hans af listrænum toga. Auk þess kom fram að maðurinn hafi kennt [...] og dæmt í [...]. Áður hafði komið fram í fréttinni, sbr. fyrirsögn hennar, að maðurinn hafi verið skráður notandi á [...].

Að mati fjölmiðlanefndar getur svo nákvæm persónulýsing trauðla átt við marga einstaklinga hérlendis. Upplýsingar um dómaraströf einstaklingsins í [...], ásamt öðrum persónulegum upplýsingum sem fram komu í umfjöllun Vísis, teljast í öllu falli þrengja hópinn með þeim hætti að þær séu rekjanlegar með beinum hætti til viðkomandi einstaklings, þar sem viðurkenndir dómaraströf í þróttinni eru einungis [...] hér á landi og upplýsingar um nöfn þeirra aðgengilegar á vef [...]. Jafnvel þótt kvartandi sé ekki einstaklingur sem almennt getur talist þekktur í samfélaginu, í þeim skilningi að teljast opinber persóna, má gera ráð fyrir að þeim hluta lesenda sem þekktu til mannsins hafi verið unnt að bera kennsl á hann á grundvelli fyrrgreindrar persónulýsingar.

Þá voru nöfn Facebook-hópanna, þar sem einstaklingurinn var nafngreindur og frekar rætt um hann, birt í frétt Vísis en af þeim sökum gátu lesendur fjölmiðilsins með raunhæfum úrræðum nálgast nafn kvartanda, mynd af honum og fleiri ummæli um hann á Facebook.

Af ofangreindu leiðir, að mati nefndarinnar, að þótt kvartandi hafi ekki verið nafngreindur í fréttinni hafi hann engu að síður verið auðkenndur með þeim hætti að þeim sem þekktu til hans hafi verið unnt að átta sig á því um hvern var fjallað. Hafi samanlagðar breytur í þeim upplýsingum sem fram komu í umfjöllun Vísis gefið til kynna hver átti í hlut og teljist þær því persónugreinanlegar.



FJÖLMIDLANEFND

3. Var vegið að rétti kvartanda til friðhelgi einkalífs?

Túlka ber ákvæði 26. gr. laga um fjölmiðla til samræmis við 71. gr. stjkskr. og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir MSE) um friðhelgi einkalífs. Þá telur fjölmiðlanefnd jafnframt að skýra beri 26. gr., hvað friðhelgi einkalífs varðar, til samræmis við sjónarmið 11. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, um að veita beri viðkvæmum persónuupplýsingum sérstaka vernd, þótt vinnsla persónuupplýsinga í þágu fréttamennsku sé annars almennt undanskilin gildissviði persónuverndarlaga skv. 6. gr. þeirra. MDE hefur túlkað friðhelgi einkalífs svo að vernd persónuupplýsinga falli þar undir.

Í álit Persónuverndar um umfjöllun fjölmiðla um einkamálefni frá 1. júní 2006, kemur fram að meta verði hvert tilvik, hverja fjölmiðlaumfjöllun og hverja myndbirtingu sjálfstætt og í heild sinni, út frá gildi umfjöllunarefnisins, eðli upplýsinganna, stöðu þess sem í hlut á og því samhengi sem umfjöllunin eða myndin er sett í. Þegar umfjöllun sé með þeim hætti að hana megi rekja til þess einstaklings sem um er fjallað með raunhæfum úrræðum sé um vinnslu persónuupplýsinga að ræða. Almenna reglan sé sú að við vinnslu persónuupplýsinga skuli gæta þess að þær séu unnar með *sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti*. Í *sanngirni* felist fyrirjáanleiki; að einstaklingurinn verði að hafa haft vitneskju um að verið sé að vinna um hann frétt þegar upplýsinganna er aflað frá honum sjálfum. Í *málefnalegri vinnslu* felist krafa um meðalhóf og að þegar fjallað sé um einkamálefni einstaklinga án samþykkis eða jafnvel gegn vilja þeirra beri ávallt að hafa í huga hvaða hagsmunum umfjöllun þjónar og hvort á henni sé nauðsyn. Í *lögmætri vinnslu* felist að upplýsinga, sem nota á í frétt, skuli ekki aflað með ólögmætum hætti.⁴

Samkvæmt persónuverndarlögum er greinarmunur gerður á persónuupplýsingum og viðkvæmum persónuupplýsingum. Gerðar eru ríkari kröfur til þess að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé málefnaleg. Viðkvæmar upplýsingar eru t.d. upplýsingar um heilsufar, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, kynlíf manna og kynhneigð sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga. Sama gildir um upplýsingar sem standa einstaklingum nærri, þrátt fyrir að teljast ekki viðkvæmar í skilningi laga, og eðlilegt og sanngjarnt er að leynt fari, s.s. upplýsingar um einkunnir fólks og félagsleg vandamál, eins og fram kemur í fyrrgreindu álit Persónuverndar.

Af framangreindu leiðir að skylda fjölmiðla til að virða friðhelgi einkalífs skv. 26. gr. felur í sér skyldu til að gæta sérstakrar varkárni við birtingu viðkvæmra persónuupplýsinga. Við mat á því hvort fjölmiðill hafi með umfjöllun sinni vegið að rétti einstaklings til friðhelgi einkalífs,

⁴ Álit Persónuverndar um umfjöllun fjölmiðla um einkamálefni, 1. júní 2006.



FJÖLMÍÐLANEFND

verður m.a. að líta til þess hvort persónugreinanlegar upplýsingar sem birtar eru í fjölmiðli teljist til viðkvæmra persónuupplýsinga.

Í frétt Vísis, þ.m.t. í myndatexta, er maðurinn sagður flagari sem hafi margar konur í takinu í einu. Haft er eftir ónefndri konu að hann sé siðblindur, lyginn og hafi sofið hjá fjölda kvenna án þess að nota verjur á meðan þau áttu í sambandi. Fram kemur að konan ráðleggi konum sem haft hafi náin kynni af manninum að fara í „test“ en af því má ráða að hún telji hugsanlegt eða líklegt að maðurinn sé haldinn kynsjúkdómi.

Framangreindar upplýsingar varða kynlíf, kynhegðun og heilsufar og teljast, óháð sannleiksgildi þeirra, til viðkvæmra persónuupplýsinga sem njóta eiga sérstakrar verndar út frá réttinum til friðhelgi einkalífs.

Í umfjöllun Vísis voru því birtar viðkvæmar persónuupplýsingar um kynhegðun og heilsufar, sem sagðar voru eiga við um kvartanda, ásamt persónugreinanlegum upplýsingum sem samanlagðar gáfu til kynna hver átti í hlut. Þá voru nöfn umræddra Facebook-hópa birt í frétt Vísis, eins og að framan greinir, en af þeim sökum gátu lesendur fjölmiðilsins með raunhæfum úrræðum nálgast nafn kvartanda, mynd af honum og fleiri ummæli um hann á samfélagsmiðlum.

Með vísan til framangreinds telur fjölmiðlanefnd að vegið hafi verið að rétti kvartanda til friðhelgi einkalífs með umfjöllun Vísis [...]

4. Voru almannahagsmunir af umfjöllun Vísis?

4.1

Þrátt fyrir að frétt fjölmiðils innihaldi viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar og vegi að friðhelgi einkalífs einstaklinga er ekki þar með sagt að birting þeirra teljist ætíð óheimil. Háttsemi fólks í einkalífi sínu getur t.d. í einhverjum tilvikum verið frétt næm og umfjöllun um hana átt erindi til almennings.

Dómstólar hafa við skýringar á markalínunni milli friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsis litið svo á að framlag til samfélagsumræðu njóti ríkari verndar en önnur tjáning. Með því er átt við að síður sé heimilt að takmarka frelsi til tjáningar sem varðar almannahagsmuni.

Svigrúm fjölmiðla til þess að fjalla um málefni einstaklinga er þó þrengra en svigrúm þeirra til þess að fjalla um mál sem eru samfélagslega mikilvæg eða varða víðtæka hagsmuni. Umfjöllun



FJÖLMIÐLANEFND

um persónuleg málefni einstaklinga þarf að taka mið af mikilvægi þeirra fyrir umfjöllunarefnið. Þetta á sérstaklega við um þegar persónuupplýsingarnar sem fjallað er um varða viðkvæm mál á borð við kynhegðan, óháð því hvort að umfjöllunin geti sært æru viðkomandi eða ekki.

Þegar fjalla á um einkamálefni einstaklings án samþykkis eða jafnvel gegn vilja hans verður ávallt að gæta meðalhófs og hafa í huga hvaða hagsmunum umfjöllun þjónar og hvort á henni sé nauðsyn. Á þetta einkum við um málefni er varði heimili og fjölskyldulíf einstaklinga og persónuleg málefni, s.s. hjúskaparmál, fjölskylduerjur, uppeldismál, sjúkdóma, fíkniefnanotkun og kynlíf.⁵

Á meðal þess sem máli skiptir við mat á því hvort umfjöllun varði almannahagsmuni er hvort einstaklingurinn sem um ræðir telst opinber persóna sem nýtur síður friðar um einkahagi sína. Af dómaframkvæmd má ráða að einkalífsvernd opinberra persóna geti vikið fyrir hagsmunum fjölmiðils af því að fjalla um samfélagslega mikilvæg málefni sem tengjast viðkomandi einstaklingi.⁶

Kvartandi er ekki einstaklingur sem almennt getur talist þekktur í samfélaginu og gegnir ekki opinberu hlutverki. Sjónarmið um lögmæta röskun á einkalífsvernd opinberra persóna eiga því ekki við um hann.

Þá hafa dómstólar litið svo á að mörk ásættanlegrar umfjöllunar um einkahagi geti talist rýmri á grundvelli fyrri háttsemi, hafi einstaklingar til dæmis sjálfir vakið máls á einkalífi sínu í fjölmiðlum og komið slíkum upplýsingum eða atriðum á framfæri.⁷

Í svörum sínum til fjölmiðlanefndar dags. 8. mars sl. vísar Sýn til þess að að fyrri háttsemi viðkomandi (e. prior conduct of the person concerned) sé einn af þeim mælikvörðum sem MDE leggi til grundvallar þegar reyni á 8. og 10. gr. MSE. Segir í bréfi Sýnar að ekki verði séð að kvartandi hafi hafnað því í grundvallaratriðum sem fram hafi komið í hinum lokaða Facebook-hópi, þótt gerðar hafi verið athugasemdir við einstök smáatriði. Eftir standi því óhaggað það tilefni frumbirtingarinnar, þ.e. á hinum lokaða Facebook-hópi, sem felst í *ótilhlýðilegu hátterni kvartanda*“ [leturbreyting Sýnar].

⁵ Sjá m.a. Álit Persónuverndar um umfjöllun fjölmiðla um einkamálefni, 1. júní 2006.

⁶ Í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands og MDE hefur komið fram að opinberar persónur, þátttakendur í stjórnámálum og einstaklingar sem hafa opinberu hlutverki að gegna, njóti lakari einkalífsverndar en aðrir, sbr. dóm MDE, Steel og Morris gegn Bretlandi, nr. 68416/01, 94. mgr., og dóm MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi nr. 46443/09, 68. mgr.

⁷ Sbr. dóm Hæstaréttar 1. mars 2007 í máli nr. 278/2006, Garðar Örn Úlfarsson gegn Ásbirni K. Morthens og Ásbjörn K. Morthens gegn Garðari Erni Úlfarssyni og 365 prentmiðlum ehf.



FJÖLMIÐLANEFND

Nefndin getur ekki fallist á þessa nálgun Sýnar. Með sjónarmiðum um fyrri háttsemi, sem fram hafa komið í dómaframkvæmd MDE og héraðs dómstóla, er ekki átt við að röskun einkalífsverndar megi hlutlægt réttlæta með slæmri hegðan eða ótilhlýðilegu háttsemi viðkomandi einstaklings. Sjónarmið um fyrri háttsemi vísa heldur til þess hvort þeir einstaklingar sem um er fjallað hafi sjálfir stigið inn í kastljós opinberrar umræðu með þeim hætti að réttlætt geti nærgöngula umfjöllun um þá.⁸ Kvartandi hefur sjálfur ekki vakið máls á einkahögum sínum í fjölmiðlum. Bendir því ekkert í fyrirleggjandi málsgögnum til þess að fyrir hendi séu sjónarmið um fyrri háttsemi sem eigi við um kvartanda og réttlætt geti persónugreinanlega og nærgöngula umfjöllun Vísis um hann.

Auk þess skal þess getið að í svörum kvartanda til fjölmiðlanefndar 16. janúar sl. kveður hann ummælin sem um hann birtust á Vísi öll vera „rakalausar þvætting og smekklasar umræður“ en af því má ljóst vera að kvartandi hafnar í grundvallaratriðum því sem fram kemur um hann í frétt Vísis.

4.2

Sýn hefur lýst því sjónarmiði að umfjöllun Vísis hafi í grunninn varðað þá almannahagsmuni að upplýsa almenning um ábyrgð sína þegar fjallað er um nafngreinda menn í lokuðum en fjölmennum Facebook-hópum. Jafnframt hefur Sýn lýst því sjónarmiði að með því að nafngreina kvartanda ekki í fréttinni hafi meðalhófs verið gætt.

Ekki er um það deilt að umfjöllun um nauðsyn þess að gæta varkárni við birtingu persónulegra upplýsinga á netinu á fullt erindi við almenning. Engu að síður ber fjölmiðlum skylda til að virða friðhelgi einkalífs þeirra einstaklinga sem um er fjallað og gæta sérstakrar varkárni við birtingu viðkvæmra, persónugreinanlegra upplýsinga.

Í ljósi sjónarmiða Sýnar um meginumfjöllunarefni fréttarinnar vekur athygli að henni var deilt á Facebook-síðu Vísis [...], með stöðufærslu sem innihélt einungis hina nákvæmu persónulýsingu af kvartanda. Þá var fréttinni deilt á Facebook-síðu Vísis með sömu fyrirsögn og áður og auk þess með undirfyrirsögninni [...]

Þegar litið er til stöðufærslu Vísis á Facebook, sem innihélt eingöngu hina nákvæmu persónulýsingu af kvartanda, auk fyrirsagnar og undirfyrirsagnar fréttarinnar, er ljóst að framsetning hennar miðaði fyrst og fremst að því að vekja athygli á ætlaðri kynhegðun og

⁸ Um þetta má einnig vísa til dóms MDE í máli nr. 3514/02, Eerikäinen o.fl. gegn Finnlandi, frá 10. febrúar 2009 og dóms MDE í máli nr. 39954/08, Axel Springer AG gegn Þýskalandi, frá 7. febrúar 2012.



FJÖLMIÐLANEFND

einkahögum kvartanda og þeirri nákvæmu persónulýsingu sem finna mátti í fréttinni. Ekkert í fyirsögn eða undirfyirsögn fréttarinnar benti til þess að hún fjallaði í grunninn um að almenningur þyrfti að gæta varkárni við birtingu persónugreinanlegra upplýsinga um nafngreinda menn á samfélagsmiðlum. Þvert á móti var sérstök athygli vakin á ætlaðri háttsemi kvartanda í einkalífi sínu og nákvæm persónulýsing af honum birt í heild sinni í stöðufærslu Vísis á Facebook. Að mati fjölmiðlanefndar rennir framangreint ekki styrkum stoðum undir það sjónarmið Sýnar um að megintilgangur fréttarinnar hafi verið að upplýsa almenning um ábyrgð sína við umfjöllun um nafngreinda menn á netinu. Í öllu falli er það mat fjölmiðlanefndar að nákvæmar, persónugreinanlegar upplýsingar um kvartanda hafi ekki verið svo samofnar fréttæfninu í heild að réttlætt geti birtingu þeirra. Þvert á móti hefði fjölmiðlinum verið unnt að greina þar á milli og gæta að friðhelgi einkalífs kvartanda án þess að megintilgangur fréttarinnar missti marks.⁹

Sú aukna vernd sem blaðamenn njóta til að miðla upplýsingum um málefni sem varða almannahagsmuni og eiga erindi við almenning krefst þess að þeir starfi í góðri trú og á grundvelli staðreynda og að þeir veiti „áreiðanlegar og nákvæmar“ upplýsingar í samræmi við fagleg vinnubrögð blaðamanna, sbr. 26. gr. laga um fjölmiðla.¹⁰ Í skýringum við 26. gr. í frumvarpi til laga um fjölmiðla er í þessu sambandi vísað til vinnubragða faglegrar blaða- og fréttamennsku; að leitað sé margra heimilda og heimildarmanna til að sannreyna staðreyndir áður en upplýsingar eru birtar.

Í hugtakinu „góð trú“ felst því að blaðamenn starfi á grundvelli staðreynda og veiti áreiðanlegar og nákvæmar upplýsingar í samræmi við siðareglur blaðamanna. Í hugtakinu felst jafnframt að sérstakar forsendur þarf til þess að fjölmiðlar séu leystir undan þeirri hefðbundnu skyldu sinni, sem leiða má af 3. mgr. 73. gr. stjkskr., að sannreyna staðhæfingar um einstaklinga. Því alvarlegri sem slíkar staðhæfingar eru, þeim mun traustari þarf staðreyndagrunnurinn að vera.

Ummæli þau sem birt voru um meinta kynhegðun og heilsufar kvartanda í frétt Vísis áttu ekki uppruna sinn hjá kvartanda sjálfum og voru birt af öðrum án vitundar hans og án fyrirvara um sannleiksgildi þeirra. Af erindi kvartanda og svörum Sýnar má ráða að blaðamaður Vísis hafi hvorki leitað sjónarmiða kvartanda né annarra sem málið varðaði áður en fréttin var birt. Í öllu falli hafði kvartandi enga vitneskju um það að einkamálefni hans; kynhegðun og heilsufar, yrðu til umfjöllunar á opinberum vettvangi, fyrr en frétt Vísis birtist á vef fjölmiðilsins, og var fréttin ekki borin undir hann, þrátt fyrir að þær upplýsingar sem um hann birtust í fréttinni væru jafn

⁹ Sjá hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 22. mars 2019 í máli nr. 29/2018, Glitnir HoldCo ehf. gegn Útgáfufélaginu Stundinni, og dóm Hæstaréttar 1. júní 2006 í máli nr. 541/2005, Jónína Benediktsdóttir gegn 365-prentmiðlum ehf. og Kára Jónassyni, þar sem Hæstiréttur taldi í báðum tilvikum að málefni tiltekinna einstaklinga hefðu verið svo samofin fréttæfninu í heild að **ekki** yrði greint þar á milli.

¹⁰ Sbr. einnig dóm MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi nr. 46443/09, 70. mgr.



FJÖLMÍÐLANEFND

ítarlegar og raun bar vitni. Fram hefur komið að kvartandi hafnar í grundvallaratriðum því sem fram kemur um hann í frétt Vísis.

Að mati fjölmiðlanefndar eru ekki forsendur fyrir því í máli þessu að leysa blaðamann Vísis undan þeirri skyldu sinni að starfa á grundvelli staðreynda og sannreyna staðhæfingar sem teljast brjóta gegn friðhelgi einkalífs, með vísan til almannahagsmuna. Því er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að almannahagsmunir réttlæti ekki birtingu viðkvæmra, persónugreinanlegra upplýsinga um kvartanda í frétt Vísis [...]

4.3

Sýn hefur lýst því sjónarmiði að með frumbirtingu áður nefndra ummæla í fjölmönnum Facebook-hópi hafi „skaðinn þegar verið skeður“. Fjölmiðlanefnd getur ekki fallist á að réttur einstaklinga til einkalífsverndar í fjölmiðlum skerðist sjálfkrafa við það að nöfn þeirra og/eða viðkvæmar persónuupplýsingar hafi birst í fjölmönnum hópum á samfélagsmiðlum, með þeim hætti að birting slíkra upplýsinga á samfélagsmiðlum réttlæti birtingu þeirra í fjölmiðlum. Þótt almenna reglan sé sú að einstaklingar beri ábyrgð á orðum sínum á netinu, líkt og annars staðar, takmarkar það ekki skyldur og ábyrgð fjölmiðlaveitunnar Sýnar til sjálfstæðs mats á grundvelli 26. gr. laga um fjölmiðla. Á það við um fjölmiðlaumfjöllun sem tengist #metoo byltingunni, jafnt sem umfjöllun af öðru tagi.

Birting efnis á notendasvæði samfélagsmiðils, sem um 3500 notendur hafa aðgang að, getur talist opinber birting í skilningi laga. Um það vísar Sýn réttilega til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) í máli Egils Einarssonar gegn Íslandi frá 17. nóvember 2017 (24703/15). Rétt er þó að geta þess að dómstólar, hvorki MDE né Hæstiréttur, hafa í þessu samhengi fjallað um áhrif friðhelgisstillinga samfélagsmiðla við mat á því hvaða birting á samfélagsmiðli geti talist opinber birting.¹¹ Í þessu samhengi má til að mynda vísa til samfélagsmiðlaviðmiða IPSO¹² í Bretlandi, þar sem reginmunur er gerður á birtingu efnis sem einstaklingar hafa birt á samfélagsmiðlum eftir því hvers konar friðhelgisstillingar notandinn hefur sett á viðkomandi tjáningu. Í úrskurðum sínum hefur IPSO einnig komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að efni hafi birst á opinberum vettvangi með deilingu á samfélagsmiðli, feli það ekki í sér sjálfkrafa heimild fyrir nýtingu fjölmiðla á efninu. Þar þurfi að koma til fréttamat í hvert sinn.

¹¹ Sjá til að mynda María Rún Bjarnadóttir, „Meiðyrði á samfélagsmiðli – hugleiðingar um mál Egils Einarssonar gegn Íslandi“. Úlfjótur.com. 31. desember 2017.

¹² IPSO, Independent Press Standards Committee, er siðanefnd sem annast eftirlit með prentmiðlum í breskri lögsögu og er rekin af fjölmiðlunum sjálfum.



FJÖLMIÐLANEFND

Fjölmiðlanefnd fellst því ekki á þau sjónarmið Sýnar að með birtingu á nafni kvartanda í fyrrgreindum Facebook-hópum hafi Sýn verið leyst undan lögbundnum skyldum fjölmiðla til að gæta að friðhelgi einkalífs á grundvelli 26. gr. laga um fjölmiðla. Fjölmiðlaveitur sem miðla efni handa almenningi hér á landi bera ábyrgð á því að efni fjölmiðla á þeirra vegum sé í samræmi við ákvæði laga um fjölmiðla, sbr. 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla. Það er á ábyrgð fjölmiðlaveitu að virða friðhelgi einkalífs, draga fram ólíkar hliðar umdeilda mála, gæta þess að sá sem gagnrýndur er í frétt fái tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og að unnið sé faglega úr upplýsingum með þeim hætti að gætt sé að hlutlægni og friðhelgi einkalífs í hvívetna í fréttum og fréttatengdu efni.

Þá telur nefndin ekki unnt að taka undir sjónarmið Sýnar um að meðalhófs hafi verið gætt með því að nafngreina kvartanda ekki í frétt Vísis. Þótt nafn kvartanda hafi ekki verið birt á Vísí voru þær upplýsingar sem birtar voru í fréttinni engu að síður til þess fallnar að auðkenna kvartanda og raska friðhelgi einkalífs hans, svo sem að framan hefur verið rakið en samkvæmt kvartanda jókst ónæði vegna þeirra ummæla sem birt voru um kvartanda í hinum lokaða Facebook-hóp til muna eftir að þau voru birt í frétt á vef Vísis, ásamt nöfnum umræddra Facebook-hópa, þar sem nafn kvartanda og mynd af honum var að finna.

4.4

Fjölmiðlar gegna mikilvægu lýðræðishlutverki og þjóna upplýsingarétti almennings. Til að fjölmiðlar geti gegnt þessu hlutverki sínu þarf tjáningarfrelsi þeirra að vera tryggt. Í því felst ekki einungis réttur til að koma á framfæri vitneskju eða hugmyndum sem tekið er við með velþóknun eða taldar eru meinlausar eða litlu skipta, heldur réttur til tjáningar sem móðgar, hneykslar og raskar hugarró. Þetta merkir þó ekki að engar hömlur séu á því hversu nærri einstaklingum má ganga í fréttumfjöllun.

Í fréttinni [...] voru birtar persónugreinanlegar upplýsingar um kvartanda og fjallað um ummæli sem fallið höfðu í lokuðum Facebook-hóp um einkalíf hans, kynhegðun og heilsufar, og vörðuðu þar með viðkvæmar persónuupplýsingar.

Að mati fjölmiðlanefndar hafa ekki verið færð fullnægjandi rök fyrir því af hálfu Sýnar að þörf hafa verið á birtingu nákvæmrar persónulýsingar á kvartanda, í tengslum við fyrrgreinda umfjöllun. Hafi umrædd persónulýsing ekki verið svo samofin fréttæfninu að ekki yrði greint þar á milli. Með vísan til þeirrar ríku verndar sem einkalífi manna er ætlað í lögum verður ekki séð hvaða erindi þessar viðbótarupplýsingar áttu til almennings. Þá eru ekki neinir almannahagsmunir í húfi í máli þessu sem réttlætt geta að gengið hafi verið á friðhelgi einkalífs kvartanda, með þeim hætti sem gert var í frétt Vísis [...].



FJÖLMÍÐLANEFND

Með vísan til alls framangreinds er það álit fjölmiðlanefndar að friðhelgi einkalífs kvartanda hafi ekki verið virt í framangreindri umfjöllun Vísis. Verði birting hinna viðkvæmu, persónugreinanlegu upplýsinga um kvartanda hvorki réttlætt með vísan til lýðræðishlutverks fjölmiðlaveitunnar né upplýsingaréttar almennings og hafi umfjöllun Vísis þar með farið í bága við ákvæði 26. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

Álit fjölmiðlanefndar er að Sýn hf. hafi brotið gegn 26. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með birtingu viðkvæmra persónugreinanlegra persónuupplýsinga í fréttinni [...] á Vísi [...].

María Rún Bjarnadóttir

Finnur Beck

Róbert H. Haraldsson